

Er hægt að fara inn á gámasvæði án klippikorts?
Nei, það þarf alltaf að framvísa klippikorti til að fá aðgang að svæðinu. Það er því mikilvægt að muna alltaf eftir kortinu. Gámur fyrir garðaúrgang verður þó aðgengilegur, utan svæðis.

Hvað ef klippikortið týnist?
Ef klippikortið týnist þarf að kaupa nýtt kort á skrifstofum sveitarfélagsins.

Hvenær er klippt af kortinu?

Aðeins er klippt af kortinu þegar um ræðir gjaldskyldan úrgang.

Hvað kostar klippikort?

Verð á aukakortum fyrir 2020 er 12.300 kr fyrir íbúa og sumarhúsa-eigendur en 29.900 kr fyrir rekstraraðila. Kortið gildir fyrir 4,0 m³ af gjaldskyldum úrgangi. Gjaldskrá er ákveðin af bæjarstjórn. Aukakort má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins.

Hvar er hægt að fá kort?

Hægt er að nálgast klippikortin á skrifstofum sveitarfélagsins. Aukakort verða einnig seld á skrifstofum sveitarfélagsins.

Hverjir fá klippikort?

Allir eigendur fasteigna sem greiða sorphirðugjöld fá eitt klippikort á ári. Ef kortið dugir ekki út árið má kaupa nýtt. Rekstraraðilar fá einnig kort en þurfa að greiða 29.900 kr fyrir þau.

Hvað er gert á gámasvæðinu?

Starfsmaður kannar farminn og athugar hvort um gjaldskyldan úrgang er að ræða. Hann klippir kortið ef við á og vísar svo á rétta gáma til að afgangslan gangi sem hraðast fyrir sig.

Hvað gera leigjendur?

Leigjendur fasteigna geta fengið klippikort afhent hjá sínum leigusala (greiðanda sorphirðugjalda) eða keypt sér kort. Leigusala ber ekki skylda til að afhenda kortið en æskilegt væri að gera það.

Opnunartímar á gámasvæði Fjallabyggðar

Virkir dagar: kl. 15:00 - 18:00

Laugardagar: kl. 11:00 - 13:00

Fjallabyggð

Gránugötu 24, 580 Siglufirði
Ólafsvegi 4, 625 Ólafsfirði

Móttökustöð sími: 840 5852
www.fjallabyggd.is

Fjallabyggð

Klippikort tekin í notkun
á gámasvæðum Fjallabyggðar

Fjallabyggð



Mikilvægi flokkunar

Með flokkun til endurvinnslu minnkar magn þess úrgangs sem endar í urðun. Þannig er umhverfið verndað samhliða því sem förgunargjöld lækka fyrir sveitarfélagið.

Megnið af því efni sem kemur inn á gámasvæðið er endurnýtt með einum eða öðrum hætti. Þannig er úrgangi breytt í verðmæti og fyrir skil á slíkum úrgangi þarf ekki að greiða. Fyrir annað efni, sem þarfnast sérstakrar meðhöndlunar, þarf að greiða fyrir.

Með því að flokka rétt er komið í veg fyrir sóun verðmæta og tryggt er að eingöngu sé greitt þegar við á.



Klippikortið hjálpar

Tilgangur:

Gera flokkun markvissari og að kostnaður sé greiddur af þeim sem til úrgangsins stofnar.

Góð ráð:

Best er að flokka farminn áður en komið er á gámasvæðið. Ef úrgangur kemur blandaður saman (gjaldskylt og ógjaldskylt) þarf að greiða fyrir allan úrganginn.

Munum alltaf eftir kortinu:

Klippikortið veitir aðgang að svæðinu og þarf því alltaf að taka með, þó að eingöngu sé um endurvinnanlegan úrgang að ræða.

Gjaldfrjáls úrgangur




Bylgjupappi, hjólbarðar, rafhlöður, rafgeymar, plastumbúðir, málmar, dagblöð og pappír, raftæki, fernur, spilliefni, rúlluplast, garðaúrgangur, jarðvegur, gler, óvirkur úrgangur, skilagjaldsumbúðir.

Gjaldskyldur úrgangur



Almennt sorp, fyrirtækjasorp, gífs, flísar og postulín, teppi og dýnur, grófur úrgangur, kaðlar og bönd, timbur litað/ólitað, veiðarfæri.

Fjallabyggð



Munum alltaf eftir kortinu!

Klippikort

Frá 1. janúar 2020 þurfa íbúar og rekstraraðilar í Fjallabyggð klippikort til að komast inn á gámasvæði sveitarfélagsins. Íbúar og rekstraraðilar geta sótt klippikortin á skrifstofum sveitarfélagsins. Íbúar og sumarhúsaeigendur fá afhent eitt kort á ári sér að kostnaðarlausu en rekstraraðilar þurfa að greiða 29.900 krónur fyrir kortið.

Ekkert þarf að greiða fyrir ógjaldskyldan úrgang en klippt verður fyrir allan gjaldskyldan úrgang. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³. Á hverju korti eru 16 klipp, sem duga samtals fyrir 4,0 m³ en klippikort fyrir sumarhúsaeigendur eru með 8 klipp svo þau kort duga fyrir alls 2,0 m³ af gjaldskyldum úrgangi.

Að öllu jöfnu ætti hvert kort að duga út árið. En ef kort klárast er hægt að kaupa aukakort á skrifstofum sveitarfélagsins. Hvert aukakort kostar 12.300 kr. fyrir árið 2020.

Áriðandi er að skoða vel hvaða flokkar eru gjaldfrjálsir og hverjir gjaldskyldir. Sé sorpið flokkað til samræmis við það endist kortið lengur. Góð flokkun miðar að því að sem mest fari í endurvinnslu og eins lítið og mögulegt er til förgunar. Með því að flokka vel stuðlum við að umhverfisvernd og göngum í áttina að sjálfbærara samfélagi.

Nánari upplýsingar: www.fjallabyggd.is